

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 24. september 2019
UST201909-238/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vopnafjarðarlína 1. Lagning jarðstrengs og niðurrif eldri línu. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu jarðstrengs alls 9,4 km að lengd efst á Hellisheiði eystri. Strengurinn mun koma í stað 9 km kafla Vopnafjarðarlínu 1 sem einnig liggur um Hellisheiði eystri. Framkvæmdin er utan verndarsvæða.

Ráðgert er að grafa strenginn í raskað land og að hluta til í eldri vegin. Með vönduðum frágangn ættu ummerki um strenglögnina að minnka verulega á nokkrum árum. Hins vegar þarf að gæta þess að sá hluti framkvæmdarinnar valdi ekki útrennsli í bröttum hlíðum. Umhverfisstofnun telur að varðandi frágang eftir niður rif línumnar sé mikilvægt að Landsnet geri áætlun um hvernig gengið verði frá línustæðinu öllu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugmyndir fyrtaekisins um frágang sé ekki háð afstöðu viðkomandi landeigenda. Áhrif línulagnarinnar á Hellisheiði eystri eru alls ekki bundin við sjálfar mastursstæðurnar þar sem einungis þarf að moka í holur þar sem staurar hafa staðið. Á Hellisheiði eystri má sjá verulegt rask eftir veglóðir sem lagðar hafa verið að staurastæðum sérstaklega í Skinnagili og í fjallinu Búr. Umhverfisstofnun telur að frágangur línustæðisins felist í því að freista þess að afmá þessar slóðir þegar staurar og leiðarar hafa veið fjarlægðir. Í gróðurlausum skriðum ætti ekki að sá grasfræi og nota tilbúinn áburð, nema ef um einærar grastegundir er að ræða. Gróskumikið graslendi mun stinga verulega í stúf við næsta nágrenni.

Hér er um að ræða framkvæmdir á svæði sem á góðviðrisdegi er mjög fallegt og útsýni yfir Héraðsflóa einstaklega tilkomumikið. Ef vandað verður til frágangs bæði við strenglög og frágang línustæðis og slóða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson
Björn Stefansson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur